

1861. grein alþingistilskipunarinnar 8. marzm. 1843, snertir að eins
5. júlím. það, að semja alþingistíðindin, en eptir 1. málsgreininni er það
konungsfulltrúi, er á að annast um útgáfu tíðindanna.

Um leið og dómsmálastjórnin því sendir yður skjöl málsins, skorar hún á yður, herra amtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, að þér, samkvæmt lagastað þeim, er nú var nefndur, annist um, að máli þessu verði ráðið til lykta, og sendið síðan stjórnarráðinu skýrslu um það.

Fylgiskjölín eruð þér beðnir að senda aptur.

5. júlím. **33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um ljóstoll til kirkju.**

Þér hafið, herra stiptamtmaður, með bréfi 21. aprílm. f. á., sent hingað skjal nokkurt frá Jónasi Guðmundssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík; fer hann þess á leit, að hann sé undan þeginn að gjalda ljóstoll til dómkirkjunnar, meðan hann hvorki setur bú nè eignast tíundbært fè, svo og að honum verði endurgoldinn ljóstollur sá, er hann hefir greitt síðan árið 1856.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Jónasi kennara Guðmundssyni, að dómsmálastjórnin ekki álitur sig eiga að skilja hann undan að greiða ljóstoll, en annars beri spurningunni um skyldu hans í því efni undir úrskurð dómenda.

5. júlím. **34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um hús, keypt á umboðsjörð.**

Samkvæmt því, sem farið er fram á í bréfi yðar, herra amtmaður, 12. aprílm. þ. á., leggur dómsmálastjórnin samþykki sitt á, að þér, eptir tilmælum hlutaðeigandi umboðsmanns, hafið varið 6 ríkisdöllum af tekjunum af Reynistaðar klausturs jörðum til að

kaupa fyrir fjós á jörðinni Daufá, er slíkt hús eptir eldri og nýrri úttektargjörðum eigi hafi fylgt jörð þessari. 1861.
5. júlím.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um leyfisbréf til að hafa veitingahús í Reykjavík. 5. júlím.

Eptir að dómsmálastjórnin með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 28. febrúarm. þ. á., hefir fengið álitsskjöl frá bæjarfógetanum og bæjarstjórninni í Reykjavíkur kaupstað, um það, hvort ástæða sè til að veita N. Jørgensen, er fyrrum var gestgjafi í veitingahúsi því, sem kallað er „Scandinavia“, leyfisbréf til að hafa veitingar og gestaherbergi á öðrum stað í kaupstaðnum, m. m., skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörð frekari ráðstafanir í því efni, að eptir þeim skýrslum, sem nú eru framkomnar um það, hvernig ástatt er, má veita Jørgensen leyfisbréf með vanalegum kjörum, svo sem hann hefir um beðið í bænarskrá þeirri, er fylgir bréfi þessu.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu. 5. júlím.

Eptir bænarskrá, er þér, herra amtmaður, hafið sent hingað með bréfi 17. febrúarm. þ. á., hefir dómsmálastjórnin veitt Valgerði Árnadóttur á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði landsins.